

# HÚSAFRÍÐUNARNEFND RÍKISINS

## ÁRSSKÝRSLA



2005

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og  
yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd í febrúar 2006

Mynd á forsiðu:

Gamla sundlaugin á Seljavöllum © Húsafriðunarnefnd, Magnús Skúlason

Umbrot og hönnun: Ragnar Jón Gunnarsson

*Öll réttindi áskilin.*

*Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*



Aðalstræti 10 (1765), til hægri og Aðalstræti 12 (1886) til vinstri. Teikning Argos arkitektastofa Grétars og Stefáns

## Ávarp

Á síðastliðnu ári tók menntamálaráðuneytið upp þráðinn, þar sem frá var horfið 2003, og gerði árangursstjórnarsamning við Húsafríðunarnefnd. Í því sambandi er ástæða til að geta þess að samningurinn byggir í öllum meginatriðum á stefnuskrá Húsafríðunarnefndar, en þegar nýskipuð nefnd tók til starfa 1995, lét hún það verða sitt fyrsta verk að taka saman skrá yfir verkefni sem unnið skyldi að næstu fimm árin. Var það í fyrsta sinn sem slík skrá var gerð á vegum nefndarinnar. Frumkvæði þetta mæltist vel fyrir og í reglugerð um hjóðminjavörslu voru þessi vinnubrögð fest í sessi.

Ný stefnuskrá var tekin saman árið 2002 og þá í samræmi við húsafríðunarreglugerð. Með þessu móti eru þau verkefni sett á oddinn, sem brýnust þykja hverju sinni, svo að nefndin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu, að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar.

Skráin er í níu eftirtöldum köflum:

1. Íslensk byggingararfleifð og fræðilegur grunnur hennar.
2. Skráningarmál.
3. Starfsreglur Húsafríðunarnefndar.
4. Afgreiðsla erinda og mat á spjöllum.
5. Friðun húsa og annarra mannvirkja.
6. Húsafríðunarsjóður og styrkveitingar úr honum.
7. Byggingarsögulegar rannsóknir.
8. Útgáfustarfsemi.
9. Ráðgjöf og fræðsla.

Það er ánægjulegt að geta skýrt frá því að við gerð árangursstjórnarsamningsins hafa fulltrúar ráðuneytisins lýst þeirri skoðun sinni að nefndin hafi á undanförunum áratug unnið skipulega að málefnum íslenskrar húsafríðunar og komið mörgum af stefnumiðum sínum fram. Ný stefnuskrá mun verða tekin saman 2006. Þar verður lögð áhersla á að koma skráningarmálum í endanlegt horf og skoða ítarlega íslenska byggingalist 20. aldar með tilliti til friðunar.

Þorsteinn Gunnarsson og Magnús Skúlason



Nýr brúðarbekkur í Búðakirkju (1848-1850), Búðum á Snæfellsnesi (MS)



Þjóðlagasetrið, Maðdömuhús(1883) Siglufirði (MS)

## Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar Húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita þar að lútandi.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn nr. 479 frá 30. nóvember 1993.

Umsóknir til sjóðsins þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

## Starfsmenn Húsafriðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar:

**Magnús Skúlason** arkitekt, magnus@husafriidun.is

Aðrir starfsmenn:

**Ragnar Jón Gunnarsson** arkitekt, ragnar@husafriidun.is

**Jón Pálsson** arkitekt, jon@husafriidun.is

**Guðlaug Vilbogadóttir**, bókhald, gulla@husafriidun.is

## Húsafriðunarnefnd

Í Húsafriðunarnefnd eiga sæti:

**Þorsteinn Gunnarsson** arkitekt, formaður.

**Pétur H. Ármannsson** arkitekt, varaformaður.

**Einar Njálsson** bæjarstjóri.

**Guðmudur Þór Guðmundsson** lögfræðingur.

**Nikulás Úlfar Másson** arkitekt.

Varamenn eru þau:

**Gylfi Guðjónsson** arkitekt.

**Ingunn Guðmundsdóttir** sveitarstjóri.

**Júlíana Gottskálksdóttir** forstöðumaður.

**Guðrún Kristinsdóttir** safnstjóri.

**Lýður Pálsson** safnstjóri.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

## Starfssvið Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd ríkisins starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og húsafriðunarreglugerð. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald eða endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna Húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrkjum samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir öll friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannanna og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Nánari úlistun á ofangreindum atriðum er að finna í ritinu *Stefnuskrá Húsafriðunarnefndar 2002*.

## Starfsemi 2005

Á árinu 2005 hélt Húsafríðunarnefnd 8 fundi og fjallaði þar um erindi sem bárust nefndinni, aðallega áætlanir vegna framkvæmda við friðuð hús og ýmis önnur hús sem að mati nefndarinnar hafa listrænt og menningarsögulegt gildi. Nefndin fjallaði einnig um styrkveitingar úr Húsafríðunarsjóði og byggingarsögulegar rannsóknir og útgáfu rita um þær. Á árinu fór nefndin í eftirlitsferð um Suðurland.

Á árinu gerði nefndin sér dagamun í tilefni af því að 35 ár voru liðin frá því að Húsafríðunarnefnd var sett á laggirnar. Móttaka var haldin í nýjum húsakynnum Húsafríðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins að Suðurgötu 39, þar sem m.a. var boðið öllum þeim, sem átt hafa sæti í nefndinni frá stofnun hennar, fulltrúum menntamálaráðuneytisins og öllum helstu samstarfsaðilum nefndarinnar.

Nefndin kynnti sér tillögu að deiliskipulagi Menntaskólareits og lagðist m.a. gegn niðurrifi hússins Bóklhöðustígs 7 á þeim reit. Tillögur að skipulagi á Alþingisreit kynnti nefndin sér einnig; hún studdi hugmyndir um endurgerða framhlið hússins Kirkjustrætis 8 vegna gildis þess fyrir götummyndina og mælti með að húsið Vonarstæti 12 yrði flutt á horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu, þar sem það færi betur en á núverandi stað. Þriðja tillagan að deiliskipulagi, sem nefndin hafði afskipti af, var á svokölluðum Kirkjutorgsreit. Beindi nefndin þeim tilmælum til Skipulagsráðs að tillagan yrði endurskoðuð með tilliti til húshæða og mælikvarða og við endurskoðunina yrði höfð hliðsjón af friðuðum og varðveisluverðum húsum í næsta nágrenni, ekki síst Dómkirkjunni og Alþingishúsinu.

Nefndin studdi heils hugar hugmyndir um varðveislun gamla Mjólkursamlagsins í Borgarnesi og taldi rétt að húsið nyti staðbundinnar hverfisverndar í skipulagi vegna listræns og menningarsögulegs gildis þess. Þá lét nefndin til sín taka í sambandi við áform um uppbyggingu og verndun húsa við Laugaveg. Mæltist hún til þess að varðveislugildi þeirra húsa, sem byggð eru fyrir 1918, yrði kannað nánar og athugaðir möguleikar á framtíðarnýtingu þeirra í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu.

Af friðuðum húsum hafði nefndin afskipti af Miðbæjarskólanum, húsi Eimskipafélagsins Pósthússtræti 2, Viðeyjarstofu og Aðalstræti 10 og áformum um viðbyggingu við það. Þá tók nefndin einnig til umfjöllunar fyrirhugaðar endurbætur á Hafnarfjarðarkirkju. Af öðrum markverðum húsum, sem nefndin fjallaði um á árinu og ekki eru friðuð, skulu einungis nefndin fáein: Steinbærinn Brenna við Bergstaðastræti, Hafnarstræti 21, í Reykjavík Ziemsenshús, gamla Gúttó í Hafnarfirði og Hafnargötu 22 – Ríkið – á Seyðisfirði.



*Skjaldbreið (1906) og Vonarstræti 12 komið á horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu*



*Gamla mjólkursamlagshúsið (Skúlagata 10) í Borgarnesi (1936).*

Nefndinni bárust þrjú mismunandi erindi um skylt efni, varðveislun torfhúsa og viðhald gamals handverks í tengslum við þau. Í fyrsta lagi var um að ræða erindi frá Hannesi Lárussyni og Kristínu Magnúsdóttur um Torfbæjarmiðstöð að Austur-Meðalholtum í Flóa, í öðru lagi erindi frá Hjörleifi Stefánssyni arkitekt, Bygðasafni Skagfirðinga, Minjasafninu á Akureyri og Minjasafni Reykjavíkur um að stofna sjálfseignarstofnun eða einkahlutafélag í eigu menningarsögulegra safna og stofnana, sem hefði að markmiði varðveislun fornrar handverksmenningar, og í þriðja lagi erindi frá Þjóðminjasafni Íslands um samstarf við Húsafríðunarnefnd til eflingar húsasafni Þjóðminjasafnsins. Er skemmst frá því að segja að nefndin samþykkti að gera samning við Þjóðminjasafnið um áætlanagerð vegna viðhalds húsa í húsasafninu og eftirlit með framkvæmdum.

Á árinu fóln nefndin forstöðumanni að hefja undirbúningu tillagna að friðun Dalatangavita, Rjómbúsins á Baugsstöðum, Seljavallalaugar og Heilsverndarstöðvar Reykjavíkur við Barónsstíg sem teiknuð er af arkitektunum Einari Sveinssyni og Gunnari H. Ólafssyni.



Á árinu komu út tvö ný bindi í ritröðinni Kirkjur Íslands. Fjalla þau um friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi. Höfundar eru Guðrún Harðardóttir, Gunnar Bollason, Hörður Ágústsson, Júlíana Gottskálksdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristján Eldjárn, Kristmundur Bjarnason, Sigríður Sigurðardóttir, Unnar Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þór Hjaltalín og Þórir Stephensen. Ljósmyndir eru flestar eftir Ívar Brynjólfsson, ljósmyndara Þjóðminjasafns. Ritstjórar eru þeir Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson.

Frá og með þessum bindum bætist Fornleifavernd ríkisins í hóp útgefenda. Af því tilefni hefur verið gengið frá nýjum samstarfssamningi þar sem kveðið er á um verkaskiptingu útgáfuaðila: Þjóðminjasafn Íslands annast lýsingu á gripum og áhöldum í öllum friðuðum kirkjum, sem og lýsingu á kirkjum í húsasafni Þjóðminjasafns. Safnið sér einnig um ljósmyndun og myndaritstjórn. Húsafríðunarnefnd annast lýsingu á öllum friðuðum kirkjum, öðrum en þeim sem eru í húsasafni Þjóðminjasafns. Nefndin sér einnig um mælingar og teikningar af kirkjum, skrár og orðskýringar og lætur þýða útdrætti á ensku. Fornleifavernd ríkisins annast lýsingu á kirkjugörðum og minningarmörkum og lætur taka saman sögu kirkjustaða. Biskupsstofa leggur til skrif um ákveðnar kirkjur og prófarkalestur. Þá styrkir menntamálaráðuneytið verkefnið sem nemur kostnaði við verkefnisstjórn. Byggðasafn Skagfirðinga er aðili að útgáfu ofangreindra tveggja binda.

Á árinu 2006 er áætlað að gefa út fjögur ný bindi í ritröðinni, tvö um kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi og önnur tvö um kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Í flokki leiðbeiningarrita um varðveislu, viðgerðir og endurbætur gamalla húsa er unnið að undirbúningi rits um hefilstrik, lista og innri klæðningar. Jafnframt er ákveðið að gefa út nýja og endurbætt útgáfu af Skrá yfir friðuð hús sem Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt tók saman fyrir nefndina og út var gefin árið 2000. Þá er í bígerð að gefa út í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands rit um viðhald torfhúsa.

Dagana 29. júní – 1. júlí fór Húsafríðunarnefnd í kynnisferð um Suðurland, hitti menn að máli og skoðaði hús og önnur mannvirki allt frá Eyrarbakka austur í Örfasveit. Samkvæmt áætlun átti að ljúka ferðinni með heimsókn til Vestmanneyja en þeim áfanga varð að fresta vegna veðurs.

Fyrsti viðkomustaður var Eyrarbakki þar sem Lýður Pálsson safnstjóri tók á móti nefndinni og sýndi velheppnaða endurgerð á eggjaskúrnum, hlöðutótt við Húsið og beitningaskúr en að því búnu heimsótti nefndin Trésmiðju Guðmundar og Gísla og skoðaði endurbýggingu þeirra félaga á Nýjabæ. Eftir það var haldið að Rjómabúinu á Baugsstöðum þar sem Páll Lýðsson, Sveinn Sigurmundsson og fleiri tóku á móti nefndinni og sýndu búið og búnað þess. Gaulverjabæjarkirkja var skoðuð að utan og húsakostur í Austur-Meðalholti í Flóa. Nefndin skoðaði Keldur á Rangárvöllum, bæ og kirkju, í fylgd Skúla Lýðssonar bónda þar, Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð í fylgd Jóns Kristinssonar á Lambey, formanns sóknarnefndar og Hlíðarendakirkju í fylgd sóknarnefndar. Því næst var Seljavallalaug skoðuð í fylgd Grétars Óskarssonar, bónda á Seljavöllum, og Rútshellir og fjárhús og Stúkan í Drangshlíð í fylgd Þórðar Tómassonar í Skógum. Nefndin gerði úttekt á Prestsbakkakirkju á Síðu og skoðaði gamla bæinn á Hörgslandi, ennfremur aflögð bæjarhús og vaglhús á Seljalandi í Fljótshverfi eftir ábendingu Þórðar Tómassonar. Þá var Núpsstaður skoðaður, bæði bæjarhús og bænhús, ennfremur Hofskirkja í Örfasveit og gamli bærin á Hofi. Nefndin naut leiðsagnar Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings þegar skoðaður var fornleifafröftur á Kirkjubæjarklaustri og sýning í tengslum við hann. Sverrir Valdimarsson sýndi nefndinni smiðju og skólahús á Hólmi í Landbroti. Í Vík í Mýrdal átti nefndin fund með sveitarstjórn Mýrdalshrepps og Sveini Pálssyni sveitarstjóra, skoðaði ásamt þeim Brydebúð, Bindindishúsið, Halldórsverslun og ýmis önnur hús, sem mörg hver hafa hlotið styrk úr húsafríðunarsjóði. Dyrhólaviti var skoðaður í fylgd Þorsteins Gunnarssonar, bónda á Vatnskarðshólum, í Eystri-Pétursey var skoðað gamalt hesthús, nú notað sem reykkofti, í fylgd Sigurjóns Eyjólfssonar bónda þar og í Skógum skoðaði nefndin Samgöngusafnið undir leiðsögn Þórðar Tómassonar. Nefndin staldraði við á Seljalandi undir Eyjafjöllum og skoðaði þar helli með fornum bergristum og náttúrulegu ofanljósi. Í Holtum skoðaði nefndin tvær friðaðar kirkju, Hagakirkju ásamt nýju safnarheimili og Marteinstungukirkju, þá fyrrnefndu í fylgd Halldóru Þorvarðardóttur prófasts.



Þingeyrakirkja 1864-1877 (MS)

## Ráðgjöf og fræðsla


Endurbygging gamalla húsa er ekki hönnuð á vegum Húsafríðunarnefndar en til að svara þörfum samfélagsins gefur nefndin út leiðbeiningarrit um sitthvað sem lýtur að viðgerðum og gömlu handverki. Þá veitir forstöðumaður nefndarinnar faglega ráðgjöf um viðhald og endurbætur, sé eftir því leitað, ýmist á skrifstofu nefndarinnar eða á vettvangi, auk þess sem hann vinnur að því að glæða áhuga arkitekta á hönnun endurbygginga. Nefndin heldur einnig námskeið fyrir iðnaðarmenn í samvinnu við ýmsa aðila, m.a.

Menntafélag byggingariðnaðarins, þar sem Magnús Skúlason, forstöðumaður nefndarinnar hefur haldið fyrirlestra með skýringarmyndum, ennfremur hefur hann haldið fyrirlestra í Iðnskólanum í Reykjavík fyrir tækniteiknara, á námskeiði fyrir staðarverði í Hólaskóla og í Leiðsöguskóla Íslands í Kópavogi. Hann hefur einnig haldið erindi á öðrum vettvangi, m.a. á málþingi á Seyðisfirði um þátt deiliskipulags í varðveislu húsa, á fundi í Kaupmannahöfn um aðgengi fatlaðra að friðuðum húsum og á aðalfundi Norsk Fyrforening, sem haldinn var í Berlevåg í Norður-Noregi, um húsvernd og friðun víta á Íslandi. Þá sótti hann á árinu ráðstefnu í Vínarborg á vegum Unesco og Vínarborgar um alþjóðlegan byggingararf og nútíma byggingarlist.

Á árinu var árlegur fundur norrænnar menningarstjórnunar “Nordisk chefsmøte” haldinn á Íslandi. Féll það í hlut forstöðumanns Húsafríðunarnefndar að skipuleggja skoðunarferð fyrir þátttakendur um Norðurland eystra og Austurland.

## Byggingarsögulegar rannsóknir

Á árinu var unnið áfram að byggingarsögulegum rannsóknum á friðuðum kirkjum í samræmi við stefnuskrá Húsafríðunarnefndar. Annars vegar er um að ræða uppmælingar kirkna á vettvangi, hins vegar uppskriftir á vísitásium prófafa og biskupa, varðveittum á Þjóðskjalasafni Íslands. Áætlað er að rannsóknum þessum ljúki 2007.



Reynistaðarkirkja (1868-1870)  
uppmælingauppráttur eftir Jón Pálsson

## Skráningarmál

Árið 1996 setti Húsafríðunarnefnd sér það takmark að láta semja ítarlegar lýsingar á öllum friðuðum mannvirkjum þar sem fram kæmu helstu staðreyndir sem þau vörðuðu. Í fyrsta lagi skyldi tekin saman hnitmiðuð lýsing þar sem týndir væru til meginþættir viðkomandi mannvirkis og gerð grein fyrir til hvaða þátta friðunin næði. Í öðru lagi skyldi settur fram rökstuðningur fyrir friðun mannvirkisins með vísan í listrænt eða menningarsögulegt gildi þess. Í þriðja lagi skyldi, þar sem það ætti við, samið yfirlit yfir byggingarhluta sem að mati nefndarinnar mætti a: alls ekki breyta, b: helst ekki breyta, c: gætu verið á hvorn veginn sem væri, d: væri æskilegt að breyta.

Nefndin réð Guðmund L. Hafsteinsson arkitekt til að taka saman ofangreinda skrá og búa hana undir prentun. Áætlað er að þessari skráningu ljúki 2006.

Þá lætur nefndin halda sérstaka skrá yfir friðuð hús og hús sem hlotið hafa styrk úr húsafríðunarsjóði með upplýsingum um varðveislumat viðkomandi húsa og árlegar styrkveitingar úr sjóðnum. Er áætlað að þessari skráningu, sem unnin er af Ragnari Jóni Gunnarssyni arkitekt og starfsmanni nefndarinnar, muni ljúka á árinu 2006, þannig að við hana megi styðjast við úthlutun styrkja úr húsafríðunarsjóði 2007. Auk þess mun verða haldin skrá yfir hús sem samkvæmt viðurkenndum húsakönnunum hafa hlotið varðveislugildi 1-4(5). Ráðgerir nefndin að láta vinna þá skráningu alla í fjarvinnslu.

## Friðun húsa

Á árinu fól Húsafriðunarnefnd forstöðumanni að hefja undirbúning að friðun eftirtalinna húsa.



*Rjómabúíð á Baugstöðum 1905*



*Dalatangaviti 1895*






*Gamla sundlaugin að Seljavöllum*



*Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg, Reykjavík 1949-1955*

# Húsafríðunarsjóður



Fjöldi stólkirkja (sýnt sem stólparit) og fjöldi umsókna (sýnt sem línurit). Heimild: Húsafríðunarnefnd

## SAMTÖLUR 2005

FRÍÐUÐ HÚS:	17	20.350
FRÍÐAÐAR KIRKJUR:	26	20.850
HÚS Á SAFNASVÆÐUM:	7	7.350
RANNSÓKNARVERKEFNI:	4	900
HÚSAKANNANIR:	2	1.500
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjanes	8	8.700
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjavík	32	6.100
ÖNNUR VERKEFNI: Vesturland	7	4.075
ÖNNUR VERKEFNI: Vestfirðir	23	25.950
ÖNNUR VERKEFNI: Norðurland	23	8.800
ÖNNUR VERKEFNI: Austurland	19	11.900
ÖNNUR VERKEFNI: Suðurland	19	8.800
		125.275

## FRÍÐUÐ HÚS

	Ártal	
Grettisgata 11, Reykjavík	1908	200
Hafnarstræti 1-3, Reykjavík	1868	300
Laugavegur 2, Reykjavík	1887	500
Þingholtsstræti 29, Reykjavík	1899	400
Riis-hús, Borðeyri	1862	4.000
Salthúsið á Þingeyri	1787	500
Aðalstræti 8, Jónassenshús	1845	200
Gamla Syðstabaþingarsíð í Hrísey	1886	500
Aðalstræti 4, gamla apótekið	1859	500
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde	1836	4.000
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús	1856	4.000
Aðalstræti 54 A, Nonnahús	1849	150
Menntaskólinn Akureyri	1904	200
Hafnarstræti 20, Höepfnershús	1911	400
Tungustígur 3, Jensenshús	1837	500
Faktorshúsið á Djúpavogi	1848	4.000
		20.350

Feitletraðar upphæðir eru ákvarðaðar af Fjárlaganefnd

## FRÍÐAÐAR KIRKJUR

Útskálakirkja	1863	700
Borgarkirkja á Mýrum	1880	4.000
Saurbæjarkirkja á Rauðasandi	1859	100
Patreksfjarðarkirkja	1907	150
Bíldudalskirkja	1906	700
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	1911	2.000
Hólskirkja, Bolungarvík	1908	700
Bænhúsið í Furufirði	1899	100
Kaldrananeskirkja á Ströndum	1851	1000
Reynistaðarkirkja	1870	250
Ketukirkja á Skaga	1896	400
Glæsibæjarkirkja í Kræklingahlíð	1866	500
Lögmanshlíðarkirkja	1860	900
Grundarkirkja í Eyjarfirði	1904	300
Illugastaðarkirkja í Fnjóskadal	1860	400
Minjas.kirkjan, Aðalstr. 56	1846	250
Húsavíkurkirkja	1907	4.000
Sauðaneskirkja á Langanesi	1889	2.500
Skeggjastaðarkirkja	1845	50
Vopnafjarðarkirkja	1903	400
Klyppstaðarkirkja í Loðmundarfirði	1895	200
Keldnakirkja á Rangárvöllum	1875	300
Gaulverjabæjarkirkja	1909	200
Villingaholtskirkja	1911	200
		20.850

## HÚS Á SAFNASVÆÐUM


Sandar vestri, Görðum Akranesi	1901	150
Stúkuhús, Háteig 11, Akranesi	1916	300
Pakkhúsið, Ólafsvík	1844	200
Norska húsið, Stykkishólmi	1832	5.000
Faktorshúsið í Neðstakaupstað, Ísaf.	1765	500
Áshús, Byggðas. Skagf., Glaumbæ	1886	200
Bryggjuhús á Seyðisfirði	1881	1.000
		7.350

ÖNNUR VERKEFNI; REYKJAVÍK		
Álagrandi 4 (áður Laugavegur 86)	1919	200
Ásvallagata 67	1934	100
Bankastræti 10	1902	200
Bókhilóðustígur 8	1899	500
Bjargarstígur 2	1920	250
Bræðraborgarstígur 20	1905	200
Bræðraborgarstígur 22	1908	150
Frakkastígur 12	1905	50
Framnesvegur 24 A	1923	200
Grettisgata 26	1904	50
Hallveigarstígur 10	1918	200
Verkamannabúst. við Hringbraut	1932	300
Hólavallakirkjugarður, grafhýsi	1912	200
Ingólfsstræti 10	1907	100
Klapparstígur 11, Stóra-Klöpp	1907	300
Laufásvegur 4	1899	200
Laufásvegur 48, Laufás	1896	200
Laugavegur 31	1929	300
Laugavegur 58	1904	150
Lágholtsvegur 17, Grandav. 40	1915	50
Miðstræti 5	1907	150
Njálsgata 13 B	1908	200
Nýlendugata 18	1901	200
Nýlendugata 24 B	1926	150
Óðinsgata 8 B	1909	200
Skeljatangi 5	1968	300
Stýrimannastígur 10	1906	150
Tómasarhagi 16 B, Litlibær	1893	100
Þingholtsstræti 7	1880	200
Þingholtsstræti 11	1870	150
Þingholtsstræti 17	1882	200
Þingholtsstræti 24	1905	200
		6.100
ÖNNUR VERKEFNI; VESTFIRÐIR		
Prestbústaðurinn á Brjánslæk	1912	4.000
Nesbúð á Hvallátrum		100
Pakkhúsið á Patreksfirði	1896	200
Aðalstræti 27, Skjaldborg, Patreksfirði	1934	3.000
Vatneyrarbúð á Patreksfirði	1918	5.000
Smíðjan á Bíldudal	1894	1.000
Strandgata 6, Svalborg, Bíldudal	1890	200
Gamli bærinn á Sveinseyri, Tálknafirði	1880	300
Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar	1913	4.000
Hafnarstræti 3-5, "Bókabúðin", Flateyri	1908	1.000
Mjallargata 5, Ísafirði	1856	200
Eyrardalsbærinn, Súðavíkurbær	1900	4.000
Aðalgata 34, Bjarnahús í Tröð, Súðavík	1894	200
Hafnargata 41, Einarshús / Péturshús	1904	1.000
Hafnargata 47, Hafsteinsstaðir	1900	150
Kollsá, Bæjarhreppi, Strandasýslu	1924	200
Ólafshús, Borðeyri	1924	200
Pöntun, Bakki í Bjarnarfirði	1898	150
Kópnesbraut 9, Björnshús, Hólmavík	1913	50
Hákarlahjallur í Hamarsbæli		1.000
		25.950

Feitletraðar upphæðir eru ákvarðar af Fjárlaganefnd

ÖNNUR VERKEFNI; REYKJANES		
Austurgata 17, Þvottahús, Hafnarfirði	1917	50
Brekkugata 11, Hafnarfirði	1908	100
Norðurbraut 25 b, Hafnarfirði	1910	200
Skúlaskeið 4, Hafnarfirði	1928	150
Skúlaskeið 42, Hafnarfirði	1926	200
Skjaldbreið, hlaða við Kálfaþjörn	1850	2.000
Duusgata 2-4, Bryggjuhúsið, Keflavík	1877	5.000
Útskálar, prestssetur	1890	1.000
		8.700
ÖNNUR VERKEFNI; VESTURLAND		
Hvítanes, Skilmannahreppi	1879	300
Skúlagata 17, Englendingavík	1885	2.000
Ferjukot, Borgarhreppi	1894	75
Galtarholt II, Borgarbyggð	1895	300
Mýrarholt 8, Kaldilækur, Ólafsvík	1905	1.000
Skólastígur 5, Stykkishólmi	1895	200
Skólastígur 8, Stykkishólmi	1918	200
		4.075
ÖNNUR VERKEFNI; NORÐURLAND		
Brekkugata 2, S. Pálmason, Hvammst.	1910	200
Íbúðarhúsið að Saurum í Miðfirði	1930	150
Sýslumannshúsið á Kornsó	1879	250
Grímstunga í Vatnsdal, A-Hún	1921	200
Lindargata 13, Sauðárkróki	1875	300
Aðalgata 25, Ytrahús, Siglufirði	1905	200
Hávegur 60, Hlíðarhús, Siglufirði	1898	250
Hvanneyrarbraut 66, Siglufirði	1907	150
Norðurgata 1, Maðdömuhús, Siglufirði	1884	500
Norðurgata 7 b, Herhúsið, Siglufirði	1914	2.000
Austurvegur 14 (Sænvör), Hrísey	1879	100
Aðalstræti 10, Berlín, Akureyri	1902	150
Brekkugata 5, Akureyri	1902	150
Lækjargata 6, Akureyri	1886	800
Wathnehús, Akureyri	1895	150
Gamla-Búð á Svalbarðseyri	1901	200
Hraunrétt í Aðaldal	1836	2.000
Verslunarhús Kaupfél. Þingeyinga	1883	300
Gamla íbúðarhúsið að Héðinshöfða	1880	500
Brattahlíð í Svartárdal, A-Húnavatnss.	1904	150
Grjótnes á Melrakkasléttu	1906	100
		8.800
ÖNNUR VERKEFNI; AUSTURLAND		
Rangá 1, Hróarstungu í N-Héraði	1907	200
Kaupangur, Vopnafirði	1884	2.000
Austurvegur 51, Seyðisfirði	1908	200
Hafnargata 42, Garður, Seyðisfirði	1921	150
Norðurgata 2 (Oddagata 6), Hótel Aldan	1920	400
Norðurgata 5, Bjólfsbær, Seyðisfirði	1902	150
Vesturvegur 4, Seyðisfirði	1903	200
Vesturvegur 5, Björgvín, Seyðisfirði	1878	100
Vesturvegur 8, Seyðisfirði	1907	100
Vélsm. Seyðisfjarðar	1907	150
Piljuvellir 11, Þórsmörk, Neskaupsstað	1912	200
Búðavegur 8, Templarinn, Fáskrúðsfirði	1900	200
Ráðhús Austurbyggðar á Fáskrúðsfirði	1907	200
Gamla kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík	1906	4.000
Íbúðarhúsið í Berufirði, Djúpavogshreppi	1939	200
Hótel Framtíð, Djúpavogi	1905	3.000
Hraun 1, Sólhóll á Djúpavogi	1930	150
Bjarg í Papey, vesturálma	1910	300
		11.900

Upphæð styrkja milli ára (stólparit). Upphæð styrkja leiðrétt með byggingarvísitölu (línurit).



### ÖNNUR VERKEFNI; SUÐURLAND

Íbúðarhús að Horni í Nesjum	1926	100
Hof í Öræfum, austurbær	1904	300
Mkligarður, Hafnarvík-Heppa, Höfn í Hornafirði	1918	700
Íbúðarhús, Þykkvibær syðri í Landbroti	1917	150
Smöja á Hnausum, Meðallandi		100
Múlakotsskóli, A-Slóu, Skaftárhreppi	1909	200
Víkurbraut 28, Brydebúð, Vík	1831	<b>2.000</b>
Sólheimahjáleiga, fjárhús og hlaða	1880	100
Íbúðarhús í Eystri-Pétursey	1907	100
Vestmannabr. 8, Geirland, Vestma.ey.	1908	200
Ás II, Ásahreppi, Rangárvallasýslu	1900	150
Austur-Meðalholt, Flóa, Árnessýslu	1986	100
Bjalli í Landsveit, Hlóðaelddhús	1908	50
Árbæjarhellir, Rangárpíng-Ytra, Hellu	1912	200
Tannastaðir í Ölfusi	1920	200
Tryggvaskáli, Selfossi	1890	<b>2.000</b>
Gufubaðið og smíðahúsið á Laugarvatni		<b>2.000</b>
Skemma á Litlu-Háeyri, Eyrarbakka		150
		<b>8.800</b>

### RANNSÓKNARVERKEFNI

Steinsteyptir gluggar	100
Laufás við Eyjafjörð - Staðurinn	300
"Neues Bauen" - Ný byggingarlist á Íslandi á millistríðsárunum, doktorsverkefni við TU München	200
Lækjargata 7, Menntaskólinn í Rvk.	1846
	<b>900</b>

### HÚSAKANNANIR

Húsakönnun á Patreksf. og Bíldudal	750
Húsakönnun í Skagafirði	750
	<b>1.500</b>

Feitletraðar upphæðir eru ákvarðaðar af Fjárlaganefnd

